

**Norræn starfsmannaskipti – skýrsla styrkþega**

Nafn Sigrún Guðmundsdóttir	
Vinnustaður á Íslandi, stofnun og deild Umhverfisstofnun, svið Umhverfisgæða, Hollustuverndardeild	
Starfsheiti Sérfræðingur	Kyn kvk
Land sem dvalist var í Svíþjóð	
Heiti vinnustaðar/stofnunar sem dvalið var hjá Länsstyrelsen Skåne, Malmö	
Tímabil sem dvalið var erlendis 15.4 – 31.5.2012, tók síðan frí í framhaldi og var komin til vinnu á ný 15.6.2012	
Hvenær vaknaði áhugi þinn á starfsmannaskiptum? Árið 2009	
Hvað var það sérstaklega sem vakti áhuga þinn? Ég leitaði að möguleikum til að efla starf mitt og vissi að innan norræna samstarfsins eru dýrmætir möguleikar til þessa (hef tekið þátt í norrænu samstarfi lengi).	
Hvað fannst þér um skipulag dvalarinnar (t.d. upplýsingar, samskipti við stofnun, ráðuneyti)? Mér fannst upplýsingar ágætar, og samskipti við stofnanir og ráðuneyti gengu að óskum	
Hvernig gekk þér að finna húsnæði? Það tók smá tíma að leita, leitaði talsvert á netinu og hjá kunningjum, fékk einnig ráð hjá gestgjafastofnun. Að síðustu leituðum við hjá löndum okkar á svæðinu (Félag Íslendinga) og gegnum þá fengum við svo húsnæði í nálægum bæ, Staffanstorp, 15 km frá Malmö.	
Hvað finnst þér um lengd dvalarinnar (of löng / hæfileg / stutt)? Dvölin var hæfileg að flestu leyti. Það hefði verið gott að hafa nokkurn tíma til undirbúnings dvalar. Þar sem stór hluti gagna sem ég vann með á meðan á dvöl stóð er á netinu hefði verið hægt að búa í haginn. Hef unnið talsvert með sænsk gögn við vinnu síðasta áratuginn, þannig að ég veit hvar gögn er að finna. Hefði verið gott að vera búin að skoða gögn svo ég hefði getað nýtt enn betur tímann með þeim sérfræðingum sem ég hafði aðgang að.	

**Hver er aðalávinningur þinn af starfsmannaskiptunum út frá starfsvettvangi þínum?**

Aðalávinningur skiptanna er aukin þekking á málaflokknum og tengslamyndun. Þar sem starfsvettvangur minn er fámennur á Íslandi gáfu skiptin einstakt tækifæri til að læra af fagfólki á sama sviði. Svíar eru í EB og með svipað regluverk og Íslendingar í úrgangsgeiranum. Þeir standa framar í úrgangs- og umhverfismálum almennt. Aukna þekkingu er síðan hægt að nýta í áframhaldandi starfi og tengiliðir auðvelda aðgengi að margvíslegum upplýsingum og þekkingu sem ekki er fyrir hendi hér á landi.

Hvaða þekkingu/reynslu öðlaðist þú á meðan dvölinni stóð og hverju gast þú miðlað?

Mér gafst tækifæri á að kynnst margvíslegri mengandi starfsemi, eftirliti með henni, stjórnsýslu um eftirlit, markmiðssetningu sænskra stjórnvalda, eftirfylgni hennar og áhrif, tæknilegum útfærslum innan úrgangsgeirans (meðhöndlun úrgangs og mengunarvarnir) svo eitthvað sé nefnt. Í heimsóknnum og innan Lénstofnunarinnar reyndi ég eftir megni að miðla af þeirri þekkingu sem ég hef úr starfi mínu og um Ísland almennt.

Hvernig hafa starfsmannaskiptin breytt sýn þinni á núverandi starf og vinnustað/stofnun?

Starfsmannaskiptin hafa vakið hjá mér löngun til að efla eftirlitsstarfið og samstarf milli aðila héraendis. Vel mótaðir samráðsferlar sem ég kynntist á Skáni og öflug markmiðssetning og eftirfylgni eru til eftirbreytni

Hver var helsti ávinningur þinn af samvinnunni með nýjum starfsfélögum meðan á dvölinni stóð (tengslanet, formleg/óformleg samskipti)?

Meðan á dvöl stóð kynntist ég fólki í úrgangsgeiranum, eftirliti, starfsleyfisgerð, lögfræðingi með umhverfisrétt sem sérgrein, framámanni í heilbrigðiseftirliti sveitarfélags og háskólakennara sem skipulagði og kennir fræðilegar hliðar eftirlits við háskólann í Lundi. Þetta fólk var iðulega boðið og búið til liðsinnis, svo ég á von á að geta leitað til þeirra í áframhaldandi starfi.

Hvaða áhrif hafði dvölin á þig persónulega?

Hún vakti til lífsins vonir um aukið samstarf um umhverfismál og framþróun á sviðinu sem er það sem ég hef mestan áhuga á í lífinu.



Hver var helsti ávinningur fyrir stofnunina þína og vinnuveitanda á Íslandi af skiptidvölinni?

Aðalávinningur skiptanna er aukin þekking mín sem starfsmanns og tengslamyndun. Ætlunin er síðan að miðla nýrri þekkingu og tengiliðum eins og kostur er innan stofnunarinnar og vonandi víðar.

Eigin lýsing á dvölinni og reynslu:

Sjá fylgiskjal